

Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið

Minnisblað: Um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 98/2004 um jöfnun kostnaðar dreifingar orku í dreifbýli. 107.mál

Markmið

Með lögnum á að tryggja að meðal orkuverð í dreifbýli verði aldrei hærra en í dýrasta orkuverð í þéttbýlinu á hverjum tíma.

Með frumvarpinu er ráðgert að leggja jöfnunargjald á alla raforku til almennrar- og hitanotkunar. Samhliða frumvarpinu liggur fyrir annað frumvarp um breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem einnig hefur áhrif á orkureikninga landsmanna. Hér verður farið yfir áhrif jöfnunargjaldsins á raforkuverð með og án væntanlegra vsk breytinga. Áhrifum má skipta í tvennt þ.e. I) almenna raforkunotkun og II) upphitun húsnæðis.

I Almenn raforkunotkun

Áhrif jöfnunargjalds og vsk- breytingar á almenna notkun í þéttbýli/dreifbýli. Miðað er við 5000 kWst/ári notkun og meðalverð dreifiveitna. Jöfnunargjald leggst á alla orku og vsk lækkar úr 25,5% í 24%

- A Núverandi staða eins og það er án jöfnunargjalds, með 25,5% vsk .
- B Staða eftir að jöfnunargjald hefur verið sett á að fullu með 25,5% vsk
- C Staða sem sýnir áhrif jöfnunargjalds að fullu með breyttum vsk 24%

Dreifiveita	Núv. staða	Jöfnunargj.	VSK breyting	Breyting	Breyting
	A	B	C	B-A	C-A
RARIK þéttbýli	60.234	62.116	61.374	1.883	1.140
RARIK dreifbýli	69.583	64.375	63.606	-5.208	-5.978
OV þéttbýli	61.865	63.748	62.986	1.883	1.121
OV dreifbýli	70.148	64.375	63.606	-5.773	-6.542
OR þéttbýli	62.493	64.375	63.606	1.883	1.113
HS-veitur þéttbýli	51.825	53.708	53.066	1.883	1.241
Norðurorka þéttbýli	58.477	60.359	59.638	1.883	1.161
Rafv. Reyðarfjarðar	58.916	60.798	60.072	1.883	1.156

Tafla 2: Áhrif jöfnunargjalds og virðisaukaskattsbreytinga á almenna raforkunotkun

Eins og sjá má hækka meðalverð hjá öllum notendum í þéttbýli um 1883 kr/ári vegna jöfnunargjalds en lækkar hjá dreifbýlinu um rúmar 5000 kr. VSK breytingin lækkar svo raforkuverð hjá öllum notendum, lækkar hækkunina um 642-770 kr/ári í þéttbýli og eykur lækkunina í dreifbýli um 770 kr/ári. Með öðrum orðum eru áhrifin lítil í þéttbýli þ.e. örlítill hækkun vegna jöfnunargjalds og svo örlítill lækkun í kjölfarið vegna VSK breytinga. Dreifbýlið fær hinsvegar tvöfalda lækkun sem nemur í heild um 6.000 til 6.500 kr/ári eftir dreifiveitusvæðum.

I Upphitun húsnæðis

Áhrif jöfnunargjalds og vsk- breytingar á hitun í þéttbýli/dreifbýli er talsvert flóknari. Í fyrsta lagi má skipta hitun í tvennt þ.e. óniðurgreiddur jarðvarmi sem 90% íbúa nýta og svo niðurgreidd rafhitun sem 10% íbúa nota. Ekkert jöfnunargjald leggst á jarðvarmann en jöfnunargjald leggst á rafhitun. Báðir flokkar fara hinsvegar úr 7% vsk í 12% verði fyrirbyggjandi frumvarp að lögum.

Orkustofnun hefur miðað við hússtærð með orkuþörf upp á 28.400 kWst/ári til hitunar. Til að skoða áhrif jöfnunargjald og breytingar á vsk á orkureikning notenda með rafhitun er notað rafhitunarverð samkvæmt taxta dreifiveitna að viðbættum niðurgreiðslum á húshitun.

- A Núverandi staða eins og það er án jöfnunargjalds, með 7% vsk .
 B Staða eftir að jöfnunargjald hefur verið sett á að fullu með 7% vsk
 C Staða sem sýnir áhrif jöfnunargjalds að fullu með breyttum vsk 12%

Dreifiveita	Núv. staða	Jöfnunargj.	VSK breyting	Breyting	Breyting
	A	B	C	B-A	C-A
	Hitanotkun	Hitanotkun	Hitanotkun	Hitanotkun	Hitanotkun
RARIK þéttbýli rafhitun	196.580	205.696	215.308	9.116	18.728
OV þéttbýli rafhitun	198.707	207.824	217.535	9.116	18.828
OR þéttbýli rafhitun	208.431	217.548	227.713	9.116	19.282
HS-veitur þéttbýli rafhitun	200.227	209.343	219.125	9.116	18.899
Norðurorka þéttbýli rafhitun	195.668	204.785	214.354	9.116	18.686
Rafv. Reyðarfjarðar rafhitun	195.972	205.089	214.672	9.116	18.700
RARIK dreifbýli rafhitun	208.431	183.817	192.407	-24.614	-16.025
OV dreifbýli rafhitun	208.431	183.817	192.407	-24.614	-16.025
RARIK kynt hitaveita	193.130	202.429	211.888	9.299	18.758
OV kynt hitaveita	198.532	207.831	217.543	9.299	19.010
Jarðvarmaveita Reykjavík	97.559	97.559	102.118	0	4.559
Jarðvarmaveita Akureyri	90.277	90.277	94.496	0	4.219

Tafla 3: Áhrif jöfnunargjalds og virðisaukaskattsbreytinga á hitun

Eins og sjá má veldur jöfnunargjald hækkun hjá öllum nema jarðvarmaveitum en hækkun á vsk úr 7% í 12% hefur áhrif á alla. Hækkun á dreifbýlisframlagi hefur þó svo jákvæð áhrif á rafhitun í dreifbýli að hækkun vsk nær engan veginn að eyða þeim áhrifum. Breytingar valda hinsvegar verulegum hækkunum á rafhitun í þéttbýli enda vegur vsk breyting þar þyngra, í krónum talið, þar sem upphitunar kostnaður var fyrir mun hærri en hjá jarðvarmaveitum. Auk þess fellur jöfnunargjaldið að fullum þunga á rafhitun á meðan jarðvarmaveitan sleppur. Eftir situr sláandi munur á áhrifum milli notenda með rafhitun í þéttbýli og notenda með jarðvarmaveitu eða í kringum 15.000 kr/ári. Það er varla markmiðið að breyting á vsk hafi mismunandi áhrif á sömu þjónustu. Það gerist þó með húshitun vegna eðlismunar frumorku þ.e. raforka v.s. jarðvarmi þar sem grunnverðið er afar ólíkt. Slíkur munur réttlætir mótvægisáðgerðir og einfaldasta aðgerðin er hækkun á niðurgreiðslum til húshitunar.